

rænt loftslag, eitthvað sambærilegt við það, sem nú er í Suður-Evrópu. Aldur surtarbrandsins er þó enn mjög óviss, og eins og áður segir gefa gróðurleifarnar ekki mjög nákvæmar upplýsingar um loftslagið. Hin nýja aðferð til rannsókna á sjávarhita fyrir meir ætti að geta aukið mikið þekkingu manna á loftslagi á fyrri jarðöldum.

Trausti Einarsson.

Nýtt heiti á naglús smyrils

(*Degeeriella rufa drosti* nom. nov.).

Eftir fyrstu samanburðarrannsóknir minar á íslenskum ránfugla-lúsúsum af ættkvíslinni *Degeeriella* (Fauna Islandica, 1, 1950, s. 2—3) og einnig seinna, er ég birti grein um sama efni (Náttúrufræðingurinn, 1950, s. 177—182), var ég þeirrar skoðunar, að greina mætti lýs þessarar ættkvíslar, sem lifa á smyrilinum (*Falco columbarius*), frá *Degeeriella*-deilitegund þeirri, sem lifir á turnfálka (*Falco tinnunculus*) og veiðifálka (*Falco rusticolus*). Fyrir smyrilslýsnar notaði ég nafnið *Degeeriella rufa nitzschi* (Giebel), 1874, og takmarkaði um leið notkun þessa heitis við *Degeeriella rufa*-deilitegund þá, sem lifir á *Falco columbarius*, en Giebel hafði notað nafnið á lýs af ættkvíslinni *Degeeriella*, er fundnar voru bæði á *Falco subbuteo*, *columbarius* og *peregrinus*. Hér hafði mér yfirsézt, að nafn Giebels, *Nirmus nitzschi* frá 1874, hafði þegar árið 1871 verið notað af Ponton (sjá Hopkins and Clay, A Check List of the Genera and Species of Mallophaga, London 1952, s. 113) og var því ógilt samkvæmt gildandi alþjóðareglum um nafngiftir í dýrafræði. Ég tek því upp í stað þess nafns nafnið *Degeeriella rufa drosti* nom. nov., gefið til heiðurs prófessor dr. R. Drost, forstöðumanni fuglaathugunarstöðvarinnar Helgoland í Wilhelmshaven, Þýskalandi, og vel sem neotypu karllús og sem neoaallotypu kvenlús, báðar af *Falco columbarius* (Bær, Hrutafjörður, NV-Ísland, 2.6.1935, leg. G. Timmermann), og tvær aðrar karllýs og eina kvenlús í safni mínu af sama uppruna sem neoparatypur.

Fugl sá, er eintök Giebels fundust á, hefur sennilega verið frá Þýskalandi, og er talinn hafa verið *Falco columbarius aesalon*. Þar sem íslenski smyrillinn (*Falco columbarius subaeson*) verður ekki með vissu greindur frá *Falco col. aesalon* og þar sem hann fer mjög víða á ferðum sínum utan varptímans, er að mínum dómi ekkert

hægt að hafa á móti því, að velja sem neotypur íslenzk sýnishorn í stað þeirra, sem eyðilögðust í Halle í Þýzkalandi í síðasta stríði.

AUSZUG

Neuer Name für eine Federlaus des Merlin.

(*Degeeriella rufa drosti* nom. nov.).

Der 1874 von *Falco subbuteo*, *F. columbarius* und *F. peregrinus* beschriebene, 1950 von mir auf den Merlinfalken als Kennwirt festgelegte *Nirmus mitschi* Giebel ist als objektives Homonym zu *Nirmus nitzschi* Ponton, 1871, nomenklatorisch ungültig und wird durch *Degeeriella rufa drosti* nom. nov., benannt zu Ehren von Prof. Dr. R. Drost, Leiter der Vogelwarte Helgoland, Wilhelmshaven, Deutschland, ersetzt. Es werden Neotypen für die Form errichtet.

G. Timmermann.

Valurinn og rjúpan

Skæðasti óvinur rjúpunnar er valurinn, enda er hverri þeirri rjúpu bani búinn, sem hann leggur í einelti, nema þegar einhver óvænt höpp verða henni til bjargar. Það er merkilegt, hvað rjúpan óttast manninn lítið, eins og hún hefur verið ofsótt af honum. Þekki ég það af eigin reynslu, hvað hún getur verið spök, þótt byssuskotin dynji á henni. En þegar valurinn kemur fljúgandi og „veifar vængjum breiðum“, þá er friðurinn úti. Það eru vængir valsins, sem rjúpan óttast meira en byssuskotin. Þótti það jafnan happaskot að gefa valnum rauðan belg fyrir gráan, þegar menn voru á rjúpaveiðum. Þegar hann lék lausum hala, reyndu allar rjúpur að forða lífi sínu með því að fljúga í allar áttir. En sjaldan varð þeirri rjúpu undankomu auðið, sem valurinn tók í einelti; lauk þeirri herferð vanalega svo, að saman dró og rjúpan féll dauð til jarðar. Settist valurinn þá makráður að herfangi sínu og gæddi sér á henni um stundarsakir. En allt í einu rekur hann upp óp svo skerandi hátt, að það heyrðist úr fjarlægð. Var því trúað, að þegar hann væri búinn að éta það mikið af rjúpunni, að hann sæi hjarta hennar, þá iðraðist hann eftir að hafa framíð þetta ofbeldisverk og sæi þá fyrst, að hann hefði myrt hálf systur sína. Frá því væri máltækið komið: „Kennir ekki fyrr en kemur að hjartanu“.

Þegar ég var á barnsaldri heyrði ég oft ofan úr Bæjarfellinu (hjá Húsafelli) þetta eina hljóð, sem valurinn rak upp, þegar hann var


1955 b

10
2142

NÁTTÚRU FRÆÐINGURINN

25. ÁRGANGUR 1 ■ HEFTI 1955

Stjórn: Hins íslenska náttúrufræðifélags ■ Ritstjóri: Hermann Einarsson



Æðarfugl.

EFNI:

Peter Scott: Happdagurinn

Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson: Fuglalíf á Seltjarnarnesi

Finnur Guðmundsson: Íslenskir fuglar XI. Hvítmáfur (*Larus hyperboreus*)

Flórunýjungar eftir Helga Jónasson og Ingólf Davíðsson

af hverju eftir Harlow Shapley, Ritchie Calder, Hermann Einarsson, Trausta Einarsson, G. Timmermann og Kristleif Þorsteinsson

Menn og málefni eftir Hermann Einarsson

Ritfregnir eftir Hermann Einarsson og Sigurð Þórarinnsson

Skýrsla um Hið íslenska náttúrufræðifélag 1954 eftir Sigurð H. Pétursson

Lofthiti og úrkoma á Íslandi

Timmermann
1955 b